

**629. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 13. febrúar 2024
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og sat varafultrúinn Jónas Snæbjörnsson fundinn í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 629 lögmætan.

Dagskrá:

1. Sameiginleg kjörstjórn Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2402047

Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps leggur til við bæjarstjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að skipa sameiginlega kjörstjórn til að undirbúa sveitarstjórnarkosningar sem verða 4. maí næstkomandi. Þeirri kjörstjórn verði einnig falið að undirbúa forsetakosningar í júní í samráði við kjörstjórnir hvors sveitarfélags þar sem forsetakosningarnar munu eiga sér stað eftir að sameiginlegt sveitarfélag hefur tekið til starfa.

Mál frá 4. fundi undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.02.2024.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða tillögu undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps að skipa sameiginlega kjörstjórn til að undirbúa sveitarstjórnarkosningar sem verða 4. maí næstkomandi og að þeirri kjörstjórn verði einnig falið að undirbúa forsetakosningar í júní í samráði við kjörstjórnir hvors sveitarfélags þar sem forsetakosningarnar munu eiga sér stað eftir að sameiginlegt sveitarfélag hefur tekið til starfa.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða að sameiginleg kjörstjórn verði þannig skipuð.

Aðalfulltrúar:

*Finnbjörn Bjarnason
Hafdís Rut Rudólfadóttir
Sigurvin Hreiðarsson*

Varafultrúar:

*Edda Kristín Eiríksdóttir
María Úlfarsdóttir
Thelma Dögg Theodórsdóttir*

2. Aðkoma sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við MÍ - 2401081

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 11.01.2024 varðandi aðkomu sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði.

Mál áður á dagskrá 628. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 23.01.2024.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða þátttöku í verkefninu.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps tekur undir með bæjarráði Vesturbyggðar að hagsmunir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum af þátttöku í byggingu verknámshúss þurfi að vera skýrir svo að sveitarstjórn geti rökstutt þátttöku í verkefninu. Huga þurfi að aðgengi nemenda á öllum Vestfjörðum og hvernig skuli að því staðið. Þá telur sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps sig þurfa að taka mið af afstöðu Vesturbyggðar í málinu í ljósi sameiningar sveitarfélaganna nú á vormánuðum. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps sér sér því ekki fært að taka þátt í byggingu verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði eins og það er sett upp.

3. Ný götuheiti - 2402049

Erindi frá sveitarstjórnarfulltrúanum Guðlaugi Jónssyni dags. 08.02.2024 þar sem lagt er til að tvær ónefndar götur í þéttbýlinu á Tálknafirði fái heiti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirfarandi ný götuheiti verði tekin upp í þéttbýlinu á Tálknafirði:

Gata á skólasvæði fái heitið Skólabraut.

Gata sem liggur frá Strandgötu og niður að höfn og inn með firði fái heitið Hafnarstræti.

Gata sem liggur frá Hafnarstræti og fyrir neðan byggingar við Strandgötu 39-45 fái heitið Hafnartún.

Gata sem tengir Hafnartún við Strandgötu á milli lóðanna að Strandgötu 41 og Strandgötu 43 fái heitið Laxabraut.

4. Atvinnu- og hafnarnefnd - 47 - 2401005F

Fundargerð 47. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 31.01.2024.

Fundargerðin er staðfest.

4.1 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar

4.2 2311031 - Starfsemi Arnarlax ehf. á Gileyri

4.3 2401072 - Starfsemi Nordic Fish Leather ehf.

4.4 2401093 - Hafnasambandsþing 2024

4.5 2312004 - Tálknafjörður - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

4.6 2401117 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2024

4.7 2301083 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023

4.8 2401113 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2024

5. Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd - 15 - 2402001F

Fundargerð 15. fundar íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 06.02.2024.

Fundargerðin er staðfest.

- 5.1 2312067 - Íslenskur ungmennafulltrúi á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins 2024
- 5.2 2312083 - Til samráðs Áform um frumvarp til laga um æskulýðs og frístundastarf
- 5.3 2312013 - Sundlaugamenning á skrá UNESCO - kallað eftir þátttöku sveitarfélaga
- 5.4 2309009 - Félagsmiðstöðin Tunglið 2023-2024

6. Lyfjafræðingur á sunnanverðum Vestfjörðum - 2402050

Erindi frá sveitarstjórnarfulltrúanum Jóhanni Erni Hreiðarssyni dags. 31.01.2024 vegna vöntunar á starfandi lyfjafræðingi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir alvarlegum áhyggjum yfir þeirri stöðu sem er komin upp þegar enginn lyfjafræðingur er lengur starfandi í apóteki á Patreksfirði. Með því hefur þjónusta við íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum versnað til muna. Undanfarið hefur komið upp að lyf eru ekki til á lager og þarf að panta lyfin með allt að þriggja daga fyrirvara auk þess sem afgreiðsla tekur nú mun lengri tíma en áður var. Það starfsfólk sem nú starfar hjá Lyfju á Patreksfirði gerir sitt besta og á lof skilið fyrir sín störf, en það hefur ekki sérþekkingu lyfjafræðings og getur því ekki veitt þá þjónustu sem slíkur sérfræðingur veitir.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vill nota tækifærið og koma á framfæri þökkum til fráfarandi lyfjafræðings, Ramon Flavia Piera, fyrir einstaka þjónustulund og góð störf fyrir samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum.

7. Fjöldahálparstöð á Tálknafirði - 2401074

Undirritað samkomulag milli Tálknafjarðarhrepps og Rauða kross Íslands dags. 02.02.2024 um afnot Rauða krossins af fjöldahálparstöð í íþróttahúsinu í Tálknafirði.

Mál áður á dagskrá 628. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.01.2024.

Lagt fram.

8. Hapdrætti til styrktar útskriftarferðar 9. og 10. bekkjar vorið 2024 - 2401118

Erindi frá nemendum í 9. og 10. bekk Tálknafjarðarskóla dags. 30.01.2024 varðandi hapdrætti til styrktar útskriftarferðar vorið 2024.

Lagt fram.

Sveitarstjóra falið að afgreiða beiðnina.

9. Fiskeldissjóður 2024 - 2402048

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 31.01.2024 þar sem tilkynnt er um að opnað hefur verið fyrir umsóknir í Fiskeldissjóð fyrir árið 2024. Umsóknarfrestur er gefinn til

06.03.2024.

Lagt fram.

Sveitarstjóra falið að vinna umsóknir í Fiskeldissjóð fyrir árið 2024 í samræmi við umræður á fundinum.

10. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2024-2027 - 2401012

Erindi frá Vegagerðinni dags. 29.01.2024 varðandi vetrarþjónustu 2024-2027.

Mál áður á dagskrá 627. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 09.01.2024.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar erindið og greinargóð svör en áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir þegar reynsla verður komin á nýtt fyrirkomulag.

11. Varúðarsjóður Brúar lífeyrissjóðs - 2402001

Erindi frá Brú lífeyrissjóði dags. 31.01.2024 þar sem tilkynnt er um innheimtu á skuldabréfi vegna framlags Tálknafjarðarhrepps til varúðarsjóðs Brúar lífeyrissjóðs.

Lagt fram.

Sveitarstjóra er falið að vinna viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

12. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) - 2402010

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 01.02.2024 þar sem sent er til umsagnar 521. mál, Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Lagt fram.

13. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2401122

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélga dags. 30.01.2024 þar sem óskað er eftir framboðum í stjórn sjóðsins sem verður kjörinn á aðalfundi hans sem ráðgert er að fari fram 14.03.2024.

Lagt fram.

14. Er íslensk orka til heimabruks, málþing 15. mars 2024 - 2402030

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 07.02.2024 þar sem greint er frá því að Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum boði til málþings um stöðuna í orkumálum undir yfirskriftinni "Er íslensk orka til heimabruks? - Staðan í orkumálum með áherslu á íbúa og sveitarfélög." Málþingið fer fram á Grand hóteli í Reykjavík 15.03.2024.

Lagt fram.

15. Úttekt á starfsemi og framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa - 2401087

Erindi frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. 10.01.2024 vegna starfsemi og framtíðarfyrirkomulags náttúrustofa.

Lagt fram.

16. Rekstrarleyfi gististaðar - 2401125

Rekstrarleyfi gististaðar gefið út af sýslumanninum á Vestfjörðum 05.12.2023 til Ba-337 ehf. vegna reksturs Kósý kofans að Kirkjubraut 8, Tálknafirði.

Lagt fram.

17. Rekstrarleyfi gististaðar - 2401126

Rekstrarleyfi gististaðar gefið út af sýslumanninum á Vestfjörðum 05.12.2023 til Kvígindisfells ehf. vegna reksturs Kvígindisfells að Kvígindisfelli, Tálknafirði.

Lagt fram.

18. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2312027

Fundargerð 4. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.02.2024.

Lagt fram.

19. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2401079

Fundargerð 942. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 26.01.2024.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:01.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)